



# Rauði listinn - Svæði í hættu

Yfirlit til umhverfissráðuneytisins



UMHVERFISSTOFNUN

2010



# INNGANGUR

Friðlýst svæði á Íslandi eru 102 talsins, en umfang þeirra, eðli og ástand þeirra afar misjafnt. Umhverfisstofnun hefur nú umsjón með 62 svæðum ef ekki eru með taldir fólkvangar eða önnur verndarsvæði sem eru í umsjón sveitarfélaga eða lögaðila. Ástæða fyrir friðlýsingu þessara svæða, og þannig verndargildi þeirra, er af ýmsum toga. Svæði kunna að hafa verið friðlýst vegna náttúruvafars, landslags, jarðminja, útivistar eða sambands framangreindra þátta. Margir þættir geta haft neikvæð áhrif á verndargildi friðlýstra svæða þó að áhrif mannlegra umsvifa séu hvað mest. Friðlýst svæði eru oft vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Ferðamenn sem komu til Íslands með flugi eða ferju á tímabilinu september 2008 til ágúst 2009 voru rétt um 500 þúsund talsins samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun af Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar árið 2009.

Í skýrslu umhverfisráðuneytisins Velferð til framtíðar kom fram að bregðast þurfi við niðurstöðum rannsókna á þolmörkum ferðamannaastaða með aðgerðum til að sporna við skemmdum vegna álags. Einnig er lagt til að leggja og merkja göngustíga á ákveðnum friðlýstum svæðum með það að markmiði að bæta aðgengi almennings að náttúru landsins og búa svæðin jafnframt undir aukið álag af vaxandi ferðamannastraumi.

## RAUÐI LISTINN

- » Dyrhólaey
- » Friðland að Fjallabaki
- » Grábrókargígar
- » Gullfoss og Geysir
- » Helgustaðanáma
- » Hveravellir
- » Reykjanesfólkvangur
- » Surtarbrandsgil
- » Teigarhorn

Samhliða tvöföldun á fjölda erlendra ferðamanna síðastliðinn áratug auk fjölgunar innlendra ferðamanna þarf að stuðla að umbótum á friðlýstum svæðum, auka landvörslu og efla fræðslu.

Umhverfisstofnun hefur nú að beiðni umhverfisráðuneytis tekið saman lista yfir þau svæði sem að mati stofnunarinnar veita þarf sérstaka athygli og að hlúa þurfi sérstaklega að.

Aðferðarfræðin sem notuð er við að byggja listann upp er svokölluð SVÓT aðferðarfræði þar sem greindir eru styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis. Með styrkleika er átt við verndargildi/verndarandlag viðkomandi svæðis, með veikleika er átt við hvaða þættir eða svæði innan svæðisins er mest hætta á að verndargildi skerðist, með ógnum er átt við þær ógnir sem steðja að viðkomandi svæði og að síðustu er tækifærin eða hvernig bregðast megi við viðkomandi ógnum. Svæðin flokkast á rauðan lista annars vegar en þar eru þau svæði sem Umhverfisstofnun telur að séu undir miklu álagi sem bregðast þurfi við strax og á appelsínugulan lista hins vegar sem eru þau svæði sem stofnunin telur að séu undir töluverðu álagi sem einnig þurfi að fylgjast vel með og bregðast við á ýmsan hátt. Svæðin eru eftirfarandi í stafrófsröð:

## APPELSÍNUGULI LISTINN

- » Dynjandi
- » Eldborg í Bláfjöllum
- » Fossvogsbakkar
- » Geitland
- » Hraunfossar
- » Kringilsárranni
- » Laugarás
- » Mývatn/Laxá



# RAUÐI LISTINN

## DYRHÓLAEY

### STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 101/1978 í Stjórnartíðindum.

Umhverfisstofnun getur takmarkað ferðir út í Dyrhólaey á tímabilinu 1. maí til 25. júní sem er varptími æðarfugls. Deila hefur staðið yfir vegna lokunar eyjunnar við sveitarfélag og nytjaréttthafa en fuglafræðingur hefur verið fenginn til að skera úr um opnunartíma vegna fuglavarps. Svæðið dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna vegna fallegs og sérkennilegs landslags. Samkvæmt skýrslu sem var unnin fyrir Umhverfisstofnun þá komu 73.000 manns að Dyrhólaey á 12 mánaða tímabili frá september 2008 til ágúst 2009. Af þeim þá komu 49.000 manns á tímabilinu júní til ágúst 2009.

Svæðið er búsvæði ýmissa fuglategunda þ.á.m. lunda og æðarfugls. Verndarandlag svæðisins er fuglavernd þó svo að í eðli sínu eru svæðið merkilegra sem landslagsverndarsvæði. Svæðið er nytjað af nytjarrétthöfum, þ.e. dúntekja og grastekja.

### VEIKLEIKAR

Svæðið er í eðli sínu viðkvæmt fyrir átroðningi ferðamanna og eru líkur á að með fjölgun ferðamanna minnki æðarrækt á svæðinu. Svæðið hefur ekki næga innviði til að taka á móti þeim mikla fjölda ferðamanna sem þangað sækir. Lítið er um eiginlega göngustíga og sama sem engin stýring ferðamanna er um friðlandið. Fuglalíf er í mikilli hnignun og lítið sést orðið af fugli. Fuglafræðingar benda á að líkleg skýring sé fæðubrestur í hafi.

### ÓGNIR

- » Nauðsynlegt er að ná utan um umferð ferðamanna og stýra umferðinni betur.
- » Deiliskipulag sem er í gildi tekur á mörgum þáttum en lítið hefur verið framkvæmt af því sem er á deiliskipulagi. Umræður eru á milli Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins um að koma þeirri vinnu af stað.
- » Ósætti hefur ríkt um stjórnun svæðisins. Mismunandi hagsmunir milli ferðapjónstu og sveitarfélags annars vegar og nytjarréttthafa/ábúenda hins vegar hafa sett strík í reikninginn. Öryggi ferðamanna er ábótavant, vegir eru lélegir bæði að svæðinu og innan þess. Brattir hamraveggir sem kunna að reynast hættulegir fari ferðamenn óvarlega. Eitthvað hefur verið um utanvega akstur, aðallega vegna skorts á afmörkun bílastæða og almennra merkinga.
- » Fuglalíf er á undanhaldi. Líkleg ástæða er fæðuskortur í hafi og að einhverju leyti vargur.

### TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Framkvæmdir samkvæmt skipulagi.
- » Stýring á umferð, bæði vélknúinni og umferð gangandi vegfarenda.
- » Endurheimt fuglalífs eftir því sem kostur er.
- » Sátt um stjórnun friðlandsins þarf að ríkja milli aðila.
- » Landvarsla á svæðinu, a.m.k. yfir varptíma.
- » Úrbætur í öryggismálum og upplýsingagjöf.



## FRIDLAND AÐ FJALLABAKI

### STYRKLEIKAR

Svæðið er friðlýst sem friðland samkvæmt auglýsingu nr. 354/1979 í Stjórnartíðindum B.

Stærð friðlandsins er 44.624 hektarar. Friðlandið nær m.a. yfir Landmannalaugar, Landmannahelli, Hrafninnusker, Frostastaðavatn og Ljótapoll. Svæðið hefur að geyma stórbrotið landslag og er vinsælt útivistarsvæði. Í bæklingi sem gefinn var út af Umhverfisstofnun segir að tilgangur friðlýsingarinnar í friðlandinu að Fjallabaki sé að varðveita landsvæðið vegna sérstaks landslags, gróðurfars og dýralífs þannig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þess. Svæðið er víðfemt og býður því upp á möguleika á dreifingu ferðamanna.

### VEIKLEIKAR

Svæðið þykir einstakt sökum sérstæðrar náttúru, fjölbreytilegs landslags, sérstæðs en viðkvæms lífríkis, öræfaauðnar og kyrrðar. Samfelld gróðursvæði eru fá og endurheimt gróðurs er hægt. Vaxtartími gróðurs er stuttur og svæðið ver sig illa sjálft. Svæðið er mikið sótt af ferðamönnum allann ársins hring og álag á svæðið er því ekki einvörðungu bundið yfir sumartímann. Viðkvæmasta svæðið er að líkindum Landmannalaugar og er farið mest að sjá á því. Gönguleiðin Laugavegurinn er einnig víða illa farinn vegna mikils ágangs.

### ÓGNIR

- » Ágangur ferðamanna er stigvaxandi. Ferðamenn eru farnir að keyra á svæðið í auknum mæli á eigin vegum ásamt því að hópferðir og áætlanferðir hafa aukist.
- » Mjög reynir á þolmörk hluta friðlandsins og þá helst á Landmannalaugasvæðið. Samkvæmt skýrslu sem gefin var út árið 2003 um þolmörk ferðamennsku í Landmannalaugum þá er þolmörkum svæðisins náð yfir sumartímann
- » Utanvegaakstur er tíður á Fjallabaki. Landverðir hafa unnið í því ásamt sjálfboðaliðum að hlaða steinum meðfram á vegum á verstu svæðunum og girt hefur verið fyrir villuslóða. Endurnýja þarf þessar varnir á hverju sumri. Efla þyrfti samstarf landvarða og lögreglu hvað utanvegaakstur varðar. Þó má geta þess að í sumar (2010) kom lögreglan upp í Landmannalaugar eftir ábendingu frá landvörðum vegna utanvegaaksturs og voru viðkomandi ferðamenn sektaðir. Sumarið 2009 bar mikið á krossurum og fjórhjólum sem óku utan vega.
- » Vegum er lítið haldið við sem virðist hvetja til aksturs utan vega. Einnig hafa myndast margar hjáleir á ýmsum vegum t.d. á Krakatindaleið og á slóðanum inn að Hrafninnuskeri.
- » Framandi tegundir: Lúpína virðist vera að teygja sig inn fyrir friðlandið á nokkrum stöðum.
- » Engin verndaráætlun er til fyrir svæðið og ferðapjónustuaðilar virðast taka sér sjálfvald í fjölgun mannvirkja í friðlandinu.

### TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar ásamt heildstæðri áætlun um landnýtingu svæðisins.
- » Betra viðhald vega ásamt betra viðhald og skýrari afmörkun gönguleiða.
- » Aukin landvarsla og eftirlit.
- » Betri aðkoma að svæðinu.
- » Heilsársstarfsemi landvarðar.
- » Aukin fræðsla og merkingar.

# GEYSIR

## STYRKLEIKAR

Svæðið er ekki friðlýst en þar gilda sérstakar umgengnisreglur sem settar voru af Geysisnefnd. Svæðið er sérstakt á heimsvísu og dregur að sér fjölmarga ferðamenn.

## VEIKLEIKAR

Vistkerfi svæðisins er mjög viðkvæmt. Svæðið er blautt og hverahrúður skemmist auðveldlega. Gróður er sérstaklega viðkvæmur á svæðinu. Svæðið er auðrofið. Svæðið er lítið og ekki auðvelt að dreifa ferðamönnum um svæðið.

## ÓGNIR

- » Svæðið er meðal fjölsóttustu áningarstaða ferðamanna á Íslandi.
- » Í allmörg ár hefur verið unnið að kaupum ríkisins á öllu landi innan girðingar á Geysissvæðinu. Landeigendur hafa stöðvað framkvæmdir á svæði utan eignarlands ríkisins vegna þess að ríkið hefur ekki samið við landeigendur um kaup eða eignarnám svæðisins.
- » Hluti landeigenda hefur lagst gegn framkvæmdum innan svæðisins. Svæðið er ekki friðlýst og reynt hefur verið að ná samkomulagi vegna öryggismála innan svæðisins.
- » Töluvert jarðvegsrof er á svæðinu.
- » Aðkoman að Geysi er oft á tíðum slæm, mikið er af rusli og slæm umgengni einkennir svæðið.
- » Stígar, skilti og kaðlar eru í slæmu ástandi. Fólk gengur stjórnlaust um stóran hluta svæðisins.
- » Sápa hefur oft verið borin í hverina af landeiganda síðast árið 2009. Fólk hleður vörður á svæðinu og einhverjir hafa ritað nafn sitt með steinum í hlið á svæðinu.
- » Fólk hendir peningum í hverina og rusli.
- » Endurbætur í öryggismálum á svæðinu eru í farvegi en verið er að lagfæra brýnan vanda en ekki er um framtíðarlausnir að ræða.

## TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Sérstakur landvörður fyrir Geysi.
- » Skipulag svæðisins og framtíðarsýn vantar.
- » Friðlýsing Geysissvæðisins.
- » Laga þarf flesta núverandi göngustíga eða smíða göngupalla.
- » Útfæra þarf gróðurverndunargirðingar þannig að ekki þurfi stanslaust viðhald.



# GRÁBRÓKARGÍGAR

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 216/1975 í Stjórnartíðindum B.

Fyrst lýst náttúruvætti 1962. Gígarnir þrír eru gjall- og klepragígur á sprungu og er Grábrók gjallgígur. Hraunið sem rann frá gígunum er apalhraun og er það kallað Grábrókarhraun. Gígarnir eru vinsælir meðal ferðamanna og einnig laða þeir að sér nemendur frá Bifröst til útivistar.

## VEIKLEIKAR

Viðkvæmar jarðmyndanir. Viðkvæm gróðursamfélag.

## ÓGNIR

- » Margir gestir heimsækja svæðið og svæðið hefur troðist niður.
- » Tilkoma háskólaþorps á Bifröst hefur aukið álag á svæðið. Nýjar gönguleiðir hafa myndast á gígana frá Bifröst.
- » Ferðamenn tína grjót úr Grábrókinni og varð landvörður vitni að því að leiðsögumaður deildi út pokum á hópinn sinn. Ferðaþjónustuaðilar bera litla ábyrgð og rútuþópar eru ekki undir eftirliti.
- » Gera þarf úttekt á aðstöðu og verndargildi svæðisins.
- » Mikið rusl fellur til á svæðinu. Skoða þyrfti að setja upp ruslabiður.
- » Búfenaður gengur um viðkvæm svæði.
- » Ferðamenn hlaða vörður.
- » Hópsamkomur þar sem að jafnvel nokkur hundruð manns fara í hópum upp gígana.
- » Svæðið í kringum bílastæðin og upp að girðingu er illa farið.
- » Brýn þörf fyrir salerni.
- » Grábrókarfell er byrjað að láta á sjá. Þar er gróður viðkvæmari.
- » Ritað hefur verið í mosann (mosi rifinn).

## TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Heildstætt skipulag náttúruvættisins.
- » Rörahlið þyrfti að setja upp til varnar búfenaði.
- » Vantar skilti.
- » Tengiliður á Bifröst sem Umhverfisstofnun getur unnið með.
- » Kortið á bílastæðinu er úrelt og þarfnast uppfærslu.
- » Ekki eru salerni eða ruslatunnur á svæðinu en nauðsynlegt er að hafa starfsmann á staðnum til að sjá um það ef til kæmi.
- » Teljari inn á svæðið kæmi sér vel til að hafa hugmynd um hversu mikið álag er á svæðinu.
- » Kanna þyrfti möguleika á að Háskólinn á Bifröst tæki að sér umsjón með náttúruvættinu.

# GULLFOSS

## STYRKUR

Svæðið er friðlýst sem friðland samkvæmt auglýsingu nr. 141/1979 í Stjórnartíðindum B. Svæðið laðar að sér mikinn fjölda ferðamanna og er áætlað að á tímabilinu september 2008 til ágúst 2009 hafi um 390.000 erlendir ferðamenn komið að Gullfossi.

## VEIKLEIKAR

Svæðið er oft á tíðum mjög blautt vegna vatnsúða frá fossinum og er því viðkvæmt fyrir ágangi ferðamanna. Innviðum svæðisins þarf að halda mun betur við en gert er í dag. Miklar gróðurskemmdir og rof eru innan friðlandsins. Ferðamenn virðast sækja út fyrir gönguleiðir og stytta sér leiðir upp/niður brekkur.

## ÓGNIR

- » Svæðið hefur mikið látið á sjá og mörg mannvirki orðin þreytt. Gróðurþekja er víða rofin. Yfirbragð svæðisins er þreytt.
- » Mikið af hliðarstígum hafa myndast frá malarstígnum á neðra svæði þar sem að ferðamenn taka sveig út af stígnum til að forðast vatnsúða. Afleiðingin eru miklir og djúpir slóðar sem umbreytast svo í mold og drullu. Einnig hafa myndast slóðar í brekkuna í stað þess að ganga upp stigann sem er hjá bílastæðunum.
- » Göngupallur frá Sigríðarstofu þarfnast viðhalds.
- » Mikið er gengið hjá klettabrúninni og því komnir djúpir slóðar þar. Búið var að stika fyrir þessa gönguleið en sú girðing náði ekki nógu langt.
- » Gera þarf úrbætur í öryggismálum við fossbrún.
- » Ferðamenn skilja eftir mikið rusl á svæðinu. Settar voru upp ruslafötur á efra og neðra svæði sumarið 2009.
- » Skoða þarf að sá í verstu svæðin í brekkunni. Stór svæði eru skemmd eftir ágang fyrri ára. Girðingar sem voru reistar árið 2009 gegna sínu hlutverki en líta ekki vel út.
- » Úrbóta er þörf á Sigríðarstofu og húsið orðið þreytt.

## TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar og heildarstefnu sem hægt er að vinna eftir.
- » Brýna þarf fyrir eigendum og rekstraraðilum að bæta umgengni og frágang utanhúss.
- » Landverðir benda á að hægt væri að bæta við útsýnispalli við klettabrúnina á ofanverðu svæðinu þar sem búið er að girða af. Þetta myndi beina fólki eina leið og hlífa brekkunni fyrir neðan. Bera þarf jarðveg í sárin og jafnvel sá í svæðin sem lokað hefur verið fyrir.
- » Viðhalda þarf öllum göngupöllum, útsýnispöllum og stiganum frá neðra bílastæði upp á efri útsýnispall. Bera þyrfti mól í gönguleiðir. Athuga þarf með aðgengi við neðri útsýnisklettinn sem og aðkomu að honum en neðri stígurinn er illa farinn.
- » Hægt væri að helluleggja svæðið framan við neðra bílastæði þannig að undirlag sé á þann hátt að fatlaðir komist til að njóta útsýnisins. Mól var borin í svæðið í sumar.
- » Sigríðarstígur er í burðarliðnum.

# HELGUSTAÐANÁMA

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 525/1975 í Stjórnartíðindum B.

Helgustaðanáma er ein frægasta silfurbergsnáma í heimi en þar var silfurberg grafið úr jörðu frá því á 17. öld og fram á fyrri hluta 20.aldar. Enskt heiti silfurbergs er Iceland spar og er eitt af þeim náttúrufrýrbærum sem kennt er við Ísland enda er það fágætt á heimsvísu. Úr Helgustaðanámu kemur mest af því silfurbergi sem er að finna á söfnum víða um heim. Náman dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna.

## VEIKLEIKAR

Svæðið hefur enga innviði til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Ekkert reglulegt eftirlit er með námunni og er silfurbergskristallarnir því með öllu óvarðir.

## ÓGNIR

- » Er mikið sótt af erlendum ferðamönnum.
- » Fréttir um steinatöku ferðamanna færast sífellt í aukana.
- » Lítið sem ekkert eftirlit er með svæðinu.

## TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Gera þarf úttekt á ástandi og meta verndargildi svæðisins.
- » Virkt eftirlit þarf með svæðinu, a.m.k. yfir sumartímann.
- » Fræðsluefni og almennar merkingar vantar.
- » Kanna hvort að ástæða sé til að takmarka aðgengi að svæðinu.

# HVERAVELLIR

## STYRKLEIKAR

Svæðið er friðlýst sem náttúruvætti samkvæmt auglýsingu nr. 217/1975 í Stjórnartíðindum B.

Friðað fyrst sem náttúruvætti árið 1960.

## VEIKLEIKAR

Svæðið er ekki stórt og því er átroðningur ferðamanna mikill á sama svæðinu. Vistkerfi svæðisins er mjög viðkvæmt. Vaxtartími gróðurs er stuttur og sauðfé beitt á svæðinu. Heitt vatn hefur verið nýtt fyrir húsnæði Veðustofunnar sem og fyrir skála á svæðinu.

## ÓGNIR

- » Straumur ferðamanna til Hveravalla hefst um leið og Kjalvegur opnar og af reynslu undanfarinna ára þá má ráða að hann haldist þar út ágúst mánuð. Ýmsir eru þó á ferðinni fyrr og virðist fólk freistast til utanvegaaksturs áður en Kjalvegur er opnaður til að sneiða hjá hindrunum í veginum. Af þessu hljótaskálför er utan vegar.
- » Ábendingar hafa borist um utanvegaakstur hestamanna (trúss) við Kjalveg sunnan Hveravalla. Mjög mikið álag er á Hveravallasvæðinu og liggur hverasvæðið víða undir skemmdum. Fólk reynir að komast sem næst hverunum og gengur nær stjórnlaust um allt hverasvæðið.
- » Aðkoman að Hveravallasvæðinu er ekki góð og þarf að ákveða hvaða svip svæðið á að bera.
- » Kindur koma inn á svæðið og gera þarf sínar auk þess sem þær marka kindagötur sem ferðamenn eru gjarnir að fylgja.
- » Öryggismálum er ábótavant.
- » Verndaráætlun er ekki til.

## TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Frekari uppbygging göngustíga og göngupalla til að hlífa hverasvæðinu og stýra fólki um svæðið.
- » Bætt aðkoma að svæðinu.
- » Bættar merkingar, vegvísar, upplýsinga- og viðvörðunarskilti. Lengri viðvera landvarða.
- » Aukin fræðsla og gönguleiðakort.
- » Uppræting lúpínu.





# REYKJANESFÓLKVANGUR

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 520/1975 í Stjórnartíðindum B.

Jarðfræði svæðisins er merkileg á heimsvísu en þar eru eldstöðvar af ýmsum gerðum ásamt gömlum og nýjum hraunum. Mikið er af minjum um lífshætti fólks á fyrri tímum. Svæðið er mikilvægt útivistarsvæði. Geysileg fjölbreytni í jarðmyndunum, landslagi og litum, óvenjuleg vötn, fjölbreytt hraun, grösugir balar og vellir, jarðhiti með tilheyrandi litskrúði einkennir svæðið. Möguleikar eru á mjög fjölbreyttum gönguleiðum. Innan fólkvangsins eru svæði sem gætu fallið undir skilgreiningu viðernis. Að slík svæði finnist svo nærri miklu þéttbýli er mjög verðmætt. Svæðið er einnig mikilvægt m.t.t. fræðslu og rannsókna.

## VEIKLEIKAR

Innan fólkvangsins er að finna hverasvæði og ummyndanir sem eru viðkvæmar. Landið var vel gróið en hefur verið ofnýtt og gróður er nú víða mjög illa farinn vegna ofbeitar og landeyðingar. Jarðvegseyðing er töluverð innan fólkvangsins. Ýmsir áhugahópar hafa helgað sér svæðið m.a. til torfæruaksturs og er landið víða illa farið. Svæðið er nálægt stórum þéttbýliskjörnum. Áætlanir eru um rannsóknir og nýtingu jarðhita. Innan fólkvangsins eru 23 námur, flestar ófrágengnar.

## ÓGNIR

- » Fyrirhuguð jarðhitanyting og rannsóknir þeim tengdum.
- » Efnistaka. Gert er ráð fyrir að efnisnám í Vatnsskarði stækki verulega.
- » Vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið hefur borið á því að verktakar og aðrir losi úrgang innan fólkvangsins. Reglulega er kveikt í bílum í fólkvanginum.
- » Svæðið er fjölsótt.
- » Sauðfé er beitt innan fólkvangsins.
- » Rallý hafa verið haldin reglulega á haustin.
- » Fólkvangurinn er illa farinn vegna utanvega aksturs og eru slóðir frá vegum óteljandi og hjólför áberandi í grónu og ógrónu landi.
- » Vélhjól hafa unnið gífurleg spjöll á landi í fólkvangnum, leirmyndanir á jarðhitasvæðum, mosi á klöppum og votlendi bera djúp för eftir vélhjólin.

## TÆKIFÆRI

- » Æskilegt væri að á svæðinu væri heilsárslandsvarsla. Landvörður hefur ekki starfað í fólkvanginum sl. tvö sumur en í stað þess hefur verið ráðinn verkamaður af Grindavíkurbæ (að beiðni stjórnar Reykjanesfólkvangs). Viðvera landvarðar hefur dregið úr akstri utan vega sem og öðrum ólöglegum athöfnum manna á svæðinu.
- » Gerð verndaráætlunar er brýnt verkefni.
- » Efla þarf fræðslu og upplýsingagjöf um fólkvanginn, náttúru- og menningarminjar innan hans.
- » Endurheimta þyrfti fyrri gróðurfar og styrkja þannig viðhald þeirra vistkerfa sem á svæðinu eru og stöðva jarðvegsrof. Uppræta þarf lúpinu.
- » Gera þarf átak í merkingum og eftir atvikum stikun gönguleiða í fólkvanginum.
- » Óþarfa girðingar þarf að fjarlægja.

# SURTARBRANDSGIL

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 103/1975 í Stjórnartíðindum B.

Svæðið er dýrmætt vegna setlagabrota sem þar finnast með steingervingum úr surtarbrandslögum. Fyrir milljónum ára var þar sem gilið er nú stöðuvatn sem í söfnuðust plöntuleifar. Þær finnast nú í setlögum í giliinu í formi steingervinga og eru vitnisburður um gróðurfar og loftslagsaðstæður sem ríkja ekki lengur hér á landi. Svæðið er mikilvægt fyrir rannsóknir en aldursgreiningar á blágrýtishraunlögum í Surtarbrandsgili gefa til kynna að aldur þeirra liggja á bilinu frá 9,1 – 11,9 milljónum ára. Náttúruupplifun og menningarmínjar gera svæðið sérstakt.

## VEIKLEIKAR

Svæðið hefur enga innviði til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Setlögin eru viðkvæm fyrir raski og er skaðinn óafturkræfur. Engir eiginlegir göngustígar eru fyrir hendi en ferðamenn ganga upp í gilið eftir mörgum kindagötum er þangað liggja. Svæðið verður fyrir hnignun bæði af náttúrulegum ástæðum og vegna ágangs ferðamanna.

## ÓGNIR

- » Hrunhætta er úr Surtarbrandsgili.
- » Umgengnin á svæðinu er slæm og er mikill straumur ferðamanna upp gilið.
- » Ferðamenn safna steingervingum.
- » Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins.
- » Óljósar og jafnvel villandi gönguleiðir.

## TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Stýring aðgengis í samræmi við auglýsingu um svæðið. Efla þarf landvörslu og lengja tímabil landvarðar.
- » Kanna möguleika á gerð umsjónarsamnings við ábúendur eða sveitarfélags.
- » Skoða þarf orðalag í ferðaritum sem veita rangar upplýsingar um svæðið. Dæmi er um þýska handbók sem segir heimilt að taka með sér einn steingerving.
- » Aukið fræðsluefni vantar ásamt almennri upplýsingagjöf. Aðkomu- og fræðsluskilti var sett upp í haust.
- » Styrkja þarf innviði t.d. með afmörkun og merkingu gönguleiðar og lokunar þeirra kindagatna sem fólk gengur í dag.

# TEIGARHORN

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 518/1975 í Stjórnartíðindum B.

Teigarhorn er friðlýst náttúruvætti síðan árið 1975 og einn þekktasti fundarstaður geislasteina (e. zeolite) í heimi. Geislasteinar finnast þar í klettum og sjávarhömrum þar sem þeir losna úr berginu við veðrun. Svæðið dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna enda víða getið í ferðahandbókum.

## VEIKLEIKAR

Ekki er virkt eftirlit með svæðinu og ríkir óvissa um framtíð svæðisins í kjölfar andláts ábúanda. Jörðin hefur verið til sölu en jörðin er óðalsjörð. Deilur hafa ríkt um svæðið og aðgengi manna að því. Jarðmyndanir á svæðinu eru viðkvæmar fyrir raski.

## ÓGNIR

- » Mikill fjöldi ferðamanna fer um svæðið og margir reyna að hafa steina með sér á brott.
- » Enginn ábúandi er eins og er á Teigarhorni og því lítið sem ekkert eftirlit með svæðinu.
- » Náttúrulegt rof.
- » Engar merktar gönguleiðir.

## TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar og þannig stefnumótunar um framtíð svæðisins.
- » Mikil þörf er á vörslu og eftirliti með svæðinu.
- » Fræðsla og upplýsingagjöf. Umhverfisstofnun hefur hafið vinnu við gerð skilta fyrir svæðið.

# APPELSÍNUGULI LISTINN

Tilgangur appelsínugula listans er að benda á þau svæðið sem umhverfisstofnun telur að séu undir töluverðu álagi og að fylgjast þurfi sérstaklega með og í sumum tilfellum að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir áframhaldandi röskun þeirra.



## DYNJANDI

### STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 348/1986 í Stjórnartíðindum B.  
Svæðið dregur að sér mikið af ferðamönnum enda stærsti og tilkomumesti foss Vestfjarða.

### VEIKLEIKAR

Innviðir svæðisins er ábótavant ef miðað er við þann fjölda fólks sem þangað kemur. Þó nokkur átroðningur er á svæðinu.

### ÓGNIR

- » Mikill fjöldi fólks sem gengur um svæðið og takmarkaðir innviðir til að taka á móti fólkinu.
- » Eftirlit með svæðinu er afar lítið.
- » Hætta er á að svæðið sé traðkað út og að fólk gangi eftir óskipulögðum hætti um svæðið.
- » Öryggismálum er ábótavant.

### TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Gerð viðvörunar- og fræðsluskilta.
- » Efla þarf landvörslu en landvörður í Vatnsfirði fer aðeins einstaka ferðir að Dynjanda.

## ELDBORG Í BLÁFJÖLLUM

### STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 121/1974 í Stjórnartíðindum B.  
Fallegt landslag, sérstakar jarðmyndanir. Göngustígur liggur frá bílastæði upp á Eldborgina.

### VEIKLEIKAR

Viðkvæmur gróður og jarðmyndanir.

### ÓGNIR

- » Mikið af rusli og brotajárni er innan við bílastæðið.
- » Töluvert af fólki nýtir svæðið.
- » Hætta á traðki.

### TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Gera þarf úttekt og meta ástand svæðisins, þ.á.m. gönguleiða. Gera þyrfti gönguleiðir sem þola ágang ferðamanna.
- » Auka þarf upplýsingagjöf og merkingar.



## FOSSVOGSBAKKAR

### STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 326/1999 í Stjórnartíðindum B.  
Sérstæðar jarðmyndanir og vinsælt útivistarsvæði.

### VEIKLEIKAR

Náttúruvættið er berskjaldað fyrir náttúruöflunum og þá aðallega fyrir sjávarrofi. Göngustígur liggur rétt ofan náttúruvættis.

### ÓGNIR

- » Sjávarrof.
- » Mannvirkjagerð.
- » Framandi og ágengar plöntutegundir.

### TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Mannvirkjagerð sé skipulögð þannig að hún raski ekki jarðmyndunum.

## GEITLAND

### STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 283/1988 í Stjórnartíðindum B.  
Svæðið er fallett með fjölbreyttu landslagi og gróðurfari. Þó nokkur umferð er um friðlandið. Megnið af friðlandinu ver sig þó sjálft vegna jökuláa, en göngufólk getur þó gengið um svæðið.

### VEIKLEIKAR

Takmarkaðir innviðir eru til staðar til að taka á móti ferðafólki .

### ÓGNIR

- » Mikið álag er við Jaka og svæðið þar í kring.
- » Slæm umgengni á svæðinu.
- » Olíuleki hjá ferðapjónustuaðilum.
- » Lúpína er komin nálægt friðlandinu.
- » Bannað er að veiða í friðlandinu en samt sem áður finnst mikið af skothylkjum á svæðinu.

### TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Stikun gönguleiða.
- » Bætt umgengni.
- » Auka þarf fræðslu og upplýsingagjöf jafnt til ferðafólks og ferðapjónustuaðila á svæðinu.



## HRAUNFOSSAR

### STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 410/1987 í Stjórnartíðindum B. Hraunfossar eru kaldavermsl sem koma undan Hallmundarhrauni og renna í Hvítá. Lindarvatnið rennur ofan á flikrubergrslagi. Fossarnir draga að sér mikinn fjölda ferðamanna.

### VEIKLEIKAR

Svæðið er víða blautt og gróður því viðkvæmur á sumum svæðum. Hallmundarhraun er viðkvæmt fyrir raski en það er nú þegar orðið mikið troðið og útsparkað.

### ÓGNIR

- » Mikið af fólki heimsækir svæðið.
- » Illa gengur að halda fólki á göngustígum.
- » Fólk hleður vörður sem minnismerki.
- » Fólk slítur upp gróður.
- » Aukning sauðfjár á svæðinu.

### TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Almenn upplýsingagjöf og merkingar á svæðinu.
- » Afmarka þarf betur gönguleiðir og loka öðrum leiðum.
- » Almennu viðhaldi er ábótavant.

## KRINGILSÁRRANI

### STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 181/2003 í Stjórnartíðindum B. Var fyrst lýst friðland árið 1975. Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður eru með samning um reksturinn. Búsvæði hreindýra og heiðagæsa. Náttúrustofa Austurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands fylgjast með hreindýrum og heiðagæsum. Náttúrustofa Austurlands er með gróðurreiti í Kringilsárrana sem eru hluti af langtíma vöktunarverkefni þar sem fylgst er með hugsanlegum gróðurbreytingum vegna Háslóns. Einnig eru í friðlandinu merkilegar minjar um jökulframrásir og jökulhop og liggja svokallaðir hraukar yfir ranann. Raninn er um leið sérstæð og gróin landspilda og eru þar sérkennilegar þyrpingar af hattsvæppum. Svæðið er tiltölulega vel varið fyrir ágangi ferðamanna.

### VEIKLEIKAR

Við gerð Háslóns gekk nokkuð á gróðurlendi Kringilsárana og má búast við því að vistfræði svæðisins hafi breyst að einhverju leyti.

### ÓGNIR

- » Sandfok og uppblástur vegna áhrifa frá Háslóni

### TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Stöðva þarf fok og jarðvegseyðingu í rananum.



## LAUGARÁS

### STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 41/1982 í Stjórnartíðindum B.  
Ástæða friðlýsingar er jökulrispað berg.

### VEIKLEIKAR

Svæðið er á fjölförnum stað í íbúðarhverfi. Engir innviðir t.d. göngustígar eru innan friðlandsins.

### ÓGNIR

- » Framandi tegundir s.s. lúpína og annar garðagróður sem vill þekja klappirnar.
- » Svæðið er mjög fjölfarið og almenningur er lítið meðvitaður um að þarna sé friðland.

### TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Fylgjast þarf með og uppræta framandi tegundir.
- » Aukin fræðsla og upplýsingagjöf.

## MÝVATN OG LAXÁ

### STYRKLEIKAR

Upphaflega verndað með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 36/1974. Í dag er svæðið friðað með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004.

Á svæðinu starfar sérfræðingur á vegum Umhverfisstofnunar. Innviðir svæðisins eru þó nokkrir. Svæðið er mikið nýtt til rannsókna enda er þar mjög fjölbreytt dýralíf ásamt sérstæðum jarðmyndunum og fjölmörgum mikilvægum vistkerfum. Svæðið er Ramsar svæði og því alþjóðlega mikilvægt. Mikill fjöldi ferðamanna kemur að Mývatni.

### VEIKLEIKAR

Svæðið hefur að geyma viðkvæm vistkerfi og má þar t.d. nefna búsvæði kúluskíts sem er sérstætt á heimsvísu, samspil rykmýs, fuglalífs, fiska og hornsíla ásamt jarðhitasvæðum og jarðmyndunum. Svæðið hefur að geyma viðkvæm gróðursvæði og viðkvæmar jarðmyndanir.

### ÓGNIR

- » Virkjanaáform.
- » Röskun á vatnsgæðum.
- » Kúluskítur er á undanhaldi.
- » Mikill fjöldi ferðamanna.

### TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar er í vinnslu.
- » Styrkja þarf innviði svæðisins, mörgum gönguleiðum er ábótavant.
- » Tryggja þarf að vatnsgæðum sé ekki raskað.
- » Kúluskítur er á undanhaldi og rannsaka þyrfti ástæður þess og grípa til endurheimtar ef hægt er.
- » Tryggja þarf að virkjanaáform hafi ekki áhrif á lífríki svæðisins enda er það einstakt á heimsvísu.

# FORGANGSRÖÐUN SVÆÐA

Að beiðni umhverfisráðuneytis eru framangreind svæði flokkuð í þrjá mismunandi forgangsflokka. Í flokki 1 er að finna svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er brýnast að stöðva rýrnun verndargildis viðkomandi svæða. Umhverfisstofnun bendir á að neðangreind flokkun er byggð á skýrslum landvarða og upplýsingum sem stofnunin hefur undir höndum t.a.m. frá sveitarfélögum og náttúruverndarnefndum ásamt öðrum heimildum. Ekki hefur farið fram vísindaleg úttekt á ástandi svæðanna sem byggja má flokkunina á.

## 1. FLOKKUR

GULLFOSS OG GEYSIR  
TEIGARHORN  
FRÍÐLAND AÐ FJALLABAKI

## 2. FLOKKUR

REYKJANESFÓLKVANGUR  
GRÁBRÓKARGÍGAR  
HVERAVELLIR

## 3. FLOKKUR

SURTARBRANDSGIL  
HELGUSTAÐANÁMA  
DYRHÓLAEY

